

Til menningar- og ferðamálanefndar Hafnarfjarðarbæjar

Í haust eru 25 ár síðan vinabæjartegnsli á milli Hafnarfjarðarbæjar og Cuxhaven í Þýskalandi voru stofnuð. Mikil tækifæri felast í þessum vinabæjarsamskiptum á sviði ferðaþjónustu enda Þýskaland stór og mikilvægur markaður fyrir Ísland. Samkvæmt ferðamálastefnu Hafnarfjarðarbæjar er talað um að nýta betur þessi vinabæjarsamskipti til markaðssetningar á bænum og því er það tillaga mín að halda sérstaka Hafnarfjarðarkynningu í Cuxhaven nú í september. Þessa kynningu má síðan tengja á skemmtilegan hátt við afmæli vinabæjarsamskiptanna sem haldið verður í október nk.

Íslandskvöld

Haldið yrði kynningarkvöld fyrir ferðaskrifstofur, blaðamenn í samvinnu við aðila úti með áherslu á allt sem Hafnarfjörður hefur upp á að bjóða. Myndasýning, einhverjar veitingar og skemmtiatriði. Með í för verða þeir sem standa að Íslands Abend og eru Emil Þór sem er einn þekktasti ljósmyndari landsins og Arndís Halla Ásgeirsdóttir en þau hafa gefið út bókina Zauber Der Freiheit sem kom í út í tengslum við bókakynninguna í Frankfurt og einn tveir aðrir ásamt undirrituðum. Þessi kynning er byggð upp með tónlist og myndum. Þegar hefur þessi kynning hlotið frábæra dóma.

Þessi kynning hefði mikil jákvæð áhrif á áframhaldandi vöxt þýskra ferðamanna en hótelið í samstarfi við t.a.m Hótel Víking, veitingastaði, sundstaði ofl hér í Hafnarfirði er með sterka stöðu á þessum markaði sem þarf að viðhalda og er þetta einn liður í því markaðsstarfi. Þýskaland er með flestar gistinætur erlendra ferðamanna til Íslands og mun vera áfram og stöðugur markaður sem þarf að viðhalda og leggja mikla vinnu í að halda úti öflugum markaðsstarfi.

Til þess að standa straum af kostnaði er leitað til nokkurra aðila en stærstur hluti kostnaðar kemur frá Hótel Hafnarfirði. Því er það von mín að menningar- og ferðamálanefnd sjái hag að þessari góðu kynningu fyrir bæinn og geti styrkt verkefnið um **kr. 500.000**

Kostnaðaráætlun er sem hér segir:

Ferðakostnaður	ISK	300.000,-
Gisting	ISK	250.000,-
Laun listamanna	ISK	300.000,- - 400.000,
Salarleiga og veitingar	ISK	300.000,-
Annar kostnaður	ISK	100.000,-

Haukur Birgisson (Fyrirverandi landkynningarstjóri í Þýskalandi)

Núverandi Framkvæmdastjóri / Hótelstjóri Hótel Hafnarfirði